

**Stjórnarfundur hjá Beint frá býli**, haldinn í Bændahöllinni 11.janúar 2011 kl. 17:00  
Mætt eru Guðmundur Jón, Marteinn og Jóhanna úr stjórn. Guðbjörg Helga situr fund.

Guðmundur Jón setur fund og gengur til dagskrár.

Liður 1.

Vegna breytinga í stjórn í haust skiptir stjórn með sér verkum þannig að Guðmundur Jón mun sinna formannsstörfum og gjaldkerastörfum. Marteinn mun áfram gegna stöðu ritara.

Liður 2.

Farið yfir reglur um notkun á félagsmerki Beint frá býli hjá þriðja aðila, t.d. hjá verslunum og veitingastöðum. Reglurnar eru samdar til í samræmi við grein 6 í reglum um félagsmerkið þar sem kveðið er á um notkun annarra aðila en félagsmanna.

Liður 3.

Uppkast að ímyndarbæklingi lesið yfir og gerðar athugasemdir. Ákveðið að finna betri ljósmyndir og vinna betur í texta og samræma leturgerðir.

Liður 4.

Stjórn ræddi ákvæði í samþykktum félagsins um hve lengi stjórnarmaður má sitja í senn. Ákveðið að leggja til við aðalfund breytingar á þessu ákvæði.

Liður 5.

Rætt um að gera kröfu til þess að þeir sem eru með gæðamerki verði að skila inn reglulega leyfum. Guðmundur Jón ætlar að kanna hvort MAST sé með skrá yfir þá sem eru með leyfi og hvort hægt sé að fá aðgang að henni.

Liður 6.

Samningur við Háskólann á Akureyri um ritun greinargerðar um rýmkun laga og samanburð reglna ESB ríkja varðandi heimavinnslu og slátrun. Samningurinn var gerður 17.des 2010 og verklok eru 1.apríl 2011.

Liður 7.

Samningur um kaup á vefversluninni Litlu búðunum. Rætt var áherslur í rekstri og mögulegar breytingar á starfsemi.

Liður 8.

Samvinna við Ferðaþjónustu bændur. Rætt um að gera samstarfssamning við Ferðaþjónustu bænda um t.d. gæðaúttektir og nánara markaðsstarf.

Liður 9.

Guðmundur Jón sagði frá fundi með formanni Landssambands kúabænda þar sem komu fram hugmyndir um að skilgreina hvar mörkin eru á milli heimavinnslu og iðnaðarstarfsemi í mjólkurframleiðslu. Leitað yrði til Framkvæmdanefndar búvörusamninga að heimavinnsla gæti nýtt mjólk utan framleiðsluréttar að ákveðnu marki.

Liður 10.

Samningur við Bændasamtök Íslands. Ekki er útlit fyrir endurnýjun á samningi sem hefur verið í gildi frá 2008.

Liður 11.

Ráðstöfun á fjárframlagi af fjárlögum 2011.

Huga þarf að útlitsbreytingum á vefsíðunni og gerð kynningarefnis ásamt fleirum verkefnum.

Liður 12.

Aðalfundur 2010. Ákveðið að halda aðalfund á Egilsstöðum og athuga með tímasetninguna 26.mars sem er laugardagur.

Liður 13.

Skýrsla um sláturkostnað sem var eitt af þeim verkefnum sem Beint frá býli var falið að gera samkvæmt

fjárveitingu frá Alþingi. Niðurstaðan úr þessari könnun veldur vonbrigðum. Skýrslunni var dreift til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis.

Liður 14.

Önnur mál

Jóhanna óskar eftir liðsinni Beint frá býli við að þrýsta á til þess bæra aðila að styrkja grundvöll stofnunar á Geitfjársetri Ísland. Stjórn samþykkir að vinna að málinu.

Fundi slitið kl 21:30